

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 525/2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

7. tölul. B liðar orðast svo:

Öldungaráð: Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kýs bæjarstjórn þrjá fulltrúa og þrjá til vara, félög eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara, auk þess sem heilsugæslan kýs einn fulltrúa og einn til vara. Bæjarstjórn velur öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsráðsmanna. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 4. júlí 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.